

## Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.



Stjórnarfundur í Félagi skógarbænda á Norðurlandi haldinn í Gömlu gróðrarstöðinni á Akureyri kl.14:00 23.nóvember 2018.

Mætt voru: Sigurlína J. Jóhannesdóttir, Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, Baldvin Haraldsson og Birgir Steingrímsson. Helga Bergsdóttir var fjarverandi. Einnig sat Valgerður Jónsdóttir fundinn.

Dagskrá:

1. Undirbúningur fyrir samráðsfund með Skógræktinni, LSE og formannafundi.
2. Undirbúningur fyrir aðalfund LSE 11.-13.október 201

Rætt var um punkta/ dagskrárliði sem formaður hafði fengið sent frá framkvæmdarstjóra LSE fyrir væntanlegan fund. Niðurstöður tillagna sem voru samþykktar á síðasta aðalfundi LSE og sitthvað sem brennur á fólki í samskiptum við Skógræktina. Meðal annars ræddum við um hugsanlegan verkefnaflutning frá Skógræktinni til LSE en á aðalfundinum kom fram tilaga um að kanna það. Stjórn FSN telur að ekki sé tímabært að huga að þessu og fer formaður með þá niðurstöðu á fundina. Einnig var rætt um framkvæmdaleyfisskyldu í skógrækt og mismunandi afgreiðslur sveitafélaga, nauðsyn þess að samræma vinnureglur sé þess nokkur kostur en ljóst er að það verður erfitt verkefni.

Á okkar svæði bætast alltaf við nýir skógarbændur og rætt var um hvernig best væri að ná til þeirra og fá þá í félagið okkar. Ákváðum að senda næstu Björkina til allra skógarbænda á svæðinu.

Aðalfundur LSE á næsta ári. FSN sér um að halda aðalfundinn 2019 og verður hann haldinn 11.-13. október á Hótel Kjarnalundi í Kjarnaskógi við Akureyri. Sigurlína og Sigrún eru búnar að fara og skoða staðinn og lýst nokkuð vel á. Við ræddum ýmis atriði í undirbúningi fundarins munum fara í undirbúninginn eftir áramót.